

Dómsorð:

Hin áfrýjaða fjárnámsgerð er úr gildi felld.
 Stefndi, Magnús Guðmundsson, greiði áfrýjanda,
 Kristjáni Eiríkssyni, kr. 10.000.00 í málskostnað fyrir
 Hæstarétti.

Þriðjudaginn 24. marz 1970.

Nr. 186/1969. **Örn Vilhelm Randrup Georgsson**

(Benedikt Blöndal hrl.)

gegn

Tryggingarfélaginu Ábyrgð h/f og

(Páll S. Pálsson hrl.)

Tryggingarfélagið Ábyrgð h/f

gegn

Erni Vilhelm Randrup Georgssyni

og til réttargæzlu

Sjóváttryggingarfélagi Íslands h/f.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Bifreiðar. Skaðabótamál. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 22. október 1969, að fengnu áfrýjunarleyfi 17. s. m., og gerir þær dómkröfur, að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og breytt á þá leið, að hann verði sýknaður af öllum kröfum gagnáfrýjanda og honum dæmdur málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefst aðaláfrýjandi þess, að sök verði skipt og málskostnaður falli niður.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu af sinni hendi með stefnu 30. október 1969 og gerir þær dómkröfur, að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða honum kr. 93.170.00 með 8% ársvöxtum frá 26. apríl 1966 til greiðsludags, máls-

kostnað í héraði, kr. 30.568.50, svo og málskostnað fyrir Hæstarétti.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta niðurstöðu hans um sakarskiptingu, bótaupphæð og vaxtagreiðslu.

Aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 35.000.00.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, Örn Vilhelm Randrup Georgsson, greiði gagnáfrýjanda, Tryggingarfélaginu Ábyrgð h/f, kr. 69.877.50 með 7% ársvöxtum frá 26. apríl 1966 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 35.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

S é r a t k v æ ð i

hæstaréttardómaranna Einars Arnalds og Benedikts Sigurjónssonar.

Atvikum málsins er skilmerkilega lýst í héraðsdómi.

Fallast má á þá úrlausn héraðsdóms, að aðaláfrýjandi eigi meginsök á árekstri þeim, sem um er fjallað í málinu.

Samkvæmt skýrslu löggæzlumanns, er kvaddur var á vettvang eftir áreksturinn og gerði mælingar að vettvangsuppdrætti kl. 1945, voru hemlaför eftir bifreiðina Ö 138 21.65 m. Skýrslu þessari hefur ekki verið hnekkkt. Skyggni virðist ekki hafa verið gott í umrætt sinn, myrkur og nokkur skafrenningur. Af atvikum öllum er ljóst, að bifreiðinni Ö 138 hefur, miðað við aðstæður, verið ekið of hratt í umrætt sinn, og nægilegrar varúðar hefur eigi verið gætt við aksturinn, sbr. 1. mgr., 2. mgr. og b-lið 3. mgr. 49. gr. laga nr. 26/1958, sem giltu, er slys þetta varð. Á ökumaður Ö 138 því einnig nokkra sök á, hvernig fór.

Með vísun til þessa þykir rétt að leggja á aðaláfrýjanda $\frac{2}{3}$ hluta fébótaábyrgðarinnar vegna slyss þessa.

Aðiljar eru sammála um, að fjárhæð tjóns þess, sem um er fjallað í máli þessu, sé kr. 93.170.00. Ber aðaláfrýjanda

að greiða gagnáfrýjanda $\frac{2}{3}$ hluta þess, eða kr. 62.113.30, með 7% ársvöxtum frá 26. apríl 1966 til greiðsludags.

Eftir þessum úrslitum ber aðaláfrýjanda að greiða gagnáfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 30.000.00.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, Örn Vilhelm Randrup Georgsson, greiði gagnáfrýjanda, Tryggingarfélaginu Ábyrgð h/f, kr. 62.113.30 með 7% ársvöxtum frá 26. apríl 1966 til greiðsludags og kr. 30.000.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 11. apríl 1969.

Mál þetta, sem tekið var til dóms hinn 20. f. m., hefur Tryggingarfélagið Ábyrgð h/f hér í borg höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur á hendur Erni Vilhelm Randrup Georgssyni, Lyngholti, Hólmsbergi, Gerðahreppi, Gullbringusýslu, til heimtu skaðabóta að fjárhæð kr. 93.170.00 með 1% dráttarvöxtum á mánuði eða broti úr mánuði frá 26. apríl 1966 til greiðsludags og málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Stefndi hefur krafizt sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans að mati dómarans.

Stefnandi hefur stefnt Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f til réttargæzlu. Á hendur réttargæzlustefnda eru engar dómkröfur gerðar, og af hans hálfu eru engar kröfur gerðar í málinu.

Málavextir eru þessir:

Um klukkan 1930 fimmtudaginn 25. nóvember 1965 ók Jónas Guðmundsson bifreið sinni, Ö 138, af gerðinni Saab, árgerð 1966, eftir Reykjanesbraut á leið til Keflavíkur. Á móts við Ytri-Skor vildi svo til, að Jónas ók aftan á vörubifreiðina Ö 53 af gerðinni Scania Vabis, sem þar stóð á veginum mannlau. Er bifreið þessi eign Keflavíkur h/f. Við áreksturinn slasaðist Jónas mikið og bifreið hans skemmdist mikið. Löggæzlumenn voru kvaddir á vettvang. Gerðu þeir uppdrátt af vettvangi. Hinn steypiti hluti Reykjanesbrautar er á þessum stað 7.5 metrar á breidd, en fyrir utan hann báðum megin er um tveggja metra malarborinn veg-

jaðar. Bifreiðin Ö 53, sem er 2.35 m á breidd, hafði verið skilin eftir yzt á syðri helmingi hins steypa hluta vegarins. Samkvæmt uppdrættinum hafði bifreiðin Ö 138 rekizt aftur undir hægra pallhorn Ö 53, þannig að pallhornið var aðeins hægra megin við miðja bifreiðina Ö 138. Samkvæmt uppdrættinum reyndust hemlafor eftir Ö 138 vera um 21 metri. Í skýrslu, sem löggæzlumennirnir gáfu, skýra þeir svo frá, að bifreiðinni Ö 138 hafi verið ekið í átt til Keflavíkur eftir Reykjanesbraut, er hún hafi lent undir vörupalli bifreiðarinnar Ö 53, sem skilin hafi verið eftir mannlauus og ljóslauus á akbrautinni með sprunginn hægri afturhjólbarda. Kemur og fram, að bifreiðin hafi verið hlaðin varningi og hafi segl verið yfir honum. Glitmerki á vörupallshornum hafi ekki sézt. Það kemur fram í skýrslunni, að sjónarvottur að slysi þessu hafi verið erlendur sendiráðsstarfsmaður í Reykjavík, Brooks að nafni, er verið hafi á leið til Reykjavíkur. Hann hafi ekið fram hjá hinni kyrrstæðu vöruflutningabifreið, en þá hafi bifreiðin Ö 138 verið að koma á móti og hafi lent aftan á vöruflutningabifreiðinni í sömu andrá. Samkvæmt skýrslu löggæzlumannanna var þurrt færi á veginum, en myrkur, er umræddur atburður varð.

Löggæzlumennirnir Tryggvi Kristvinsson, Sigurður Jónsson, Hjalti Sigurðsson og Helgi Vestmann Einarsson, sem allir komu á vettvang, hafa staðfest lögregluskýrslu þá, sem gerð var um atburðinn. Löggæzlumaðurinn Tryggvi Kristvinsson, sem gerði uppdrátt þann af vettvangi, sem skýrslunni fylgir, hefur skýrt svo frá, að hann treysti sér nú ekki til að fullrða óyggjandi, að hemlaförin, sem á uppdrættinum eru sýnd, hafi stafað frá bifreiðinni Ö 138. Kveður Tryggvi það fræðilegan möguleika, að hemlaför þessi hafi að einhverju leyti stafað frá öðrum bifreiðum, sem um veginn hafi farið og hemlað hafi á þessum stað, en hann kveðst telja ólíklegt, að svo hafi verið, þar sem hann hafi athugað hemlaförin mjög vel, eins og venja sé í slíkum tilvikum.

Jónas Guðmundsson, ökumaður bifreiðarinnar Ö 138, hefur skýrt svo frá, að hann hafi verið á heimleið af fundi í Reykjavík og verið einn í bifreið sinni. Hann kveður sér ekkert hafa legið á og því ekið rólega. Hann kveðst hafa ekið í þriðja ganghraðastigi af fjórum, á 40—50 km hraða, er atburðurinn varð, og ekið með lægri ljósgeisla. Hann kveður norðanstorm hafa verið á og frost og kveður hafa skafið yfir veginn. Jónas kveðst allt í einu hafa séð vörubifreið þá, er hann lenti á, og hafi hún verið ljóslauus með öllu og engin glitaugu á henni. Jónas kveðst ekki hafa

séð vörubifreiðina, fyrr en hann hafi verið að lenda á henni. Kveður hann hraða bifreiðar sinnar ekki hafa verið það mikinn, að hann hefði getað stöðvað bifreiðina á þeirri vegalengd eða komizt hjá því að lenda aftan á bifreiðinni, ef hann hefði séð hana fyrr en hann gerði. Er hann sá vörubifreiðina, kveður hann bifreiðar hafa verið að koma á móti og kveður sér hafa fundizt þær vera á móts við vörubifreiðina og hafi önnur þeirra verið að fara fram úr hinni. Jónas kveðst hafa hugsað sem svo, að annað hvort yrði hann að aka á móti bifreiðinni, sem var að aka fram úr, eða hemla og reyna að stöðva bifreið sína fyrir aftan vörubifreiðina. Kveðst hann hafa tekið þann kostinn, en afleiðingin hafi orðið sú, að hann hafi lent undir palli vörubifreiðarinnar. Jónas kveður það eigi geta staðizt, að hemlaför eftir bifreið hans hafi verið jafnlöng og greint er frá í skýrslu löggæzlumannanna.

Vitnið Jóhannes Gunnar Jóhannesson hefur skýrt svo frá, að það hafi sjálft verið á fundi þeim í Reykjavík, sem Jónas Guðmundsson var að koma af. Það kveðst hafa haldið heim strax að loknum fundinum og hafa verið aðeins á undan Jónasi. Jóhannes kveður norðan eða norð-austan kalsaveður hafa verið og kveður svolítinn skafrenning hafa verið. Jóhannes telur, að það hafi sáralítið orðið vart við háлку á veginum, en kveður svolitla fól hafa verið á honum. Jóhannes kveðst minnast kyrrstæðrar vörubifreiðar á veginum fyrir ofan Innri-Njarðvík og kveðst vart geta skilið, hvernig hann hafi getað komizt hjá að lenda á bifreiðinni. Hann kveður tvær bifreiðar hafa komið á móti sér og kveðst því hafa lækkað ljósin, en um leið hafi hann verið kominn undir vörubifreiðina og hafi hann rétt náð að sleppa milli hennar og bifreiða þeirra, sem á móti komu. Kveður hann farþega þann, sem með honum hafi verið í bifreiðinni, hafa kastazt til í bifreiðinni, er hann hafi sveigt henni fyrst til vinstri og síðan til hægri. Eftir atburðinn kveður Jóhannes sér og farþega sínum hafa verið ljóst, að stórvítavert væri að skilja bifreiðina eftir á veginum, eins og þarna hafði verið gert, og kveður þeim hafa komið saman um, að rétt væri að tilkynna þetta lögreglunni. Jóhannes kveður sér kunnugt um, að farþegi sinn hafi tilkynnt lögreglunni þetta, en þá hafi slysið verið skeð.

Vitnið Sigtryggur Árnason, yfirlögregluþjónn í Keflavík, var að koma frá Grindavík og ók í bifreið sinni áleiðis til Keflavíkur. Kom hann á slysstaðinn skömmu eftir slysið. Hefur han skýrt svo frá, að skafrenningur hafi verið og hafi aulað yfir veginn. Hann kveðst hafa ekið í bifreið með fjórum gírur, en kveðst vegna

aðstæðna aðeins hafa ekið í öðrum og þriðja gír. Hann kveðst hafa orðið að margstöðva bifreiðina, þegar hann hafi mætt bifreiðum, þegar kófi sló fyrir. Sigtryggur kveður snjóflykring hafa verið, en kveður hann ekki hafa festst á veginum, sem heitið geti, en þó hafi verið sljóblettir á veginum. Sigtryggur kveðst ekki hafa getað ekið með hærri geisla ljósa bifreiðar sinnar og því hafa ekið með lægri geislanum. Sigtryggur kveður svo hvasst hafa verið, að náð hafi mold úr börðum, sem blandast hafi skafrenningnum, og hafi það gert akstursskilyrði enn erfiðari. Sigtryggur kveðst hafa lýst með ljósum bifreiðar sinnar aftan á bifreiðina Ö 53 til þess að kanna, hvort ekki væri eitthvað lýsandi aftan á henni. Hann kveðst ekki hafa getað séð neitt lýsandi aftan á vörubifreiðinni, hvorki glitaugu né annað, en hafi þau verið á bifreiðinni, þá hafi þau verið það óhrein, að ekki hafi verið gagn að þeim. Kveður Sigtryggur bifreiðina Ö 53 alla hafa verið útataða í mold eða moldarryki, er hann athugaði hana að aftan. Sigtryggur kveðst telja, að leggja hefði mátt bifreiðinni Ö 53 að öllu leyti utan hinnar steyptu akbrautar, ekki sízt þar sem jörð hafi verið frosin, og hefði ekki skipt máli, þótt sprungið hafi verið á vinstri afturhjólbarða, þá hefði aðeins þurft að skásetja bifreiðina út á vegbrúnina.

Ökumaður bifreiðarinnar Ö 53, Örn Vilhelm Randrup Georgsson, hefur skýrt svo frá, að þannig hafi staðið á ferðum sínum, að hann hafi verið sendur til Reykjavíkur af fyrirtæki því, sem hann starfaði hjá, til að sækja fiskumbúðir úr pappa. Kveður hann hlassið á bifreiðinni á leiðinni til Keflavíkur hafa verið um þrjár smálestir. Hann kveður það svo hafa verið á milli klukkan 1800 og 1900, að vinstri afturhjólbarði bifreiðarinnar hafi sprungið og farið af, en þeim megin hafi aðeins verið einn hjólbarði, og hafi hann ekki getað ekið bifreiðinni lengra á felgunni einni. Hann kveður snjó og mikla hálku hafa verið á veginum. Hann kveðst hafa reynt að aka bifreiðinni lengra, eftir að hjólbarðinn sprakk, en felgan hafi spólað og hafi hann ekki komizt lengra. Örn kveður sér hafa fundizt óhætt að skilja bifreiðina þarna eftir. Örn kveður glitaugu hafa verið á aurlífum að aftan, tvö hvoru megin, en auk þess hafi glitaugu hangið á sitt hvoru afturhorni bifreiðarinnar. Þá kveður hann rautt glitgler hafa verið á númersljósi að aftan. Ekki kveðst hann hafa aðgætt, hvort glitaugu þessi að aftan hafi verið hrein, er hann yfirgaf bifreiðina. Er hann athugaði glitaugun eftir slysið, kveðst hann ekki hafa getað séð annað en að þau væru nægilega hrein. Örn kveðst ekki

hafa skilið eftir tendruð ljós á bifreiðinni, er hann yfirgaf hana. Örn kveðst nú hafa fengið far með bifreið til Keflavíkur og kveðst hafa ætlað að sækja nýjan hjólbarða til að setja undir bifreiðina, en enginn varahjólbarði hafi verið í henni. Á meðan hann var staddur í frystihúsi fyrirtækis til að athuga hjólbarða, kveður hann mann hafa komið að og skýrt frá því, að slys hefði orðið við bifreiðina. Vegna atburðar þessa undirgekkst Örn réttarsátt í sakadómi Hafnarfjarðar til greiðslu á kr. 1.000.00 í sekt.

Jónas Guðmundsson, eigandi bifreiðarinnar Ö 138, hafði keypt húftryggingu fyrir hana hjá stefnanda. Greiddi stefnandi Jónasi verðmæti bifreiðarinnar, sem í uppgjöri þeirra var talið nema kr. 182.000.00. Seldi stefnandi síðan bifreiðina í því ástandi, sem hún var, á kr. 90.000.00. Mismunurinn, kr. 92.000.00, auk flutningskostnaðar, kr. 1.170.00, er fjárhæð sú, sem stefnandi krefur stefnda um í máli þessu. Það er ágreiningslaust, að stefnandi hafi öðlzt rétt Jónasar Guðmundssonar á hendur stefnda samkvæmt 16. gr. tryggingarskilmála þeirra, sem um trygginguna giltu, sbr. og upphafsákvæði 25. gr. laga um váttryggingarsamninga.

Kröfur stefnanda eru byggðar á því, að það hafi verið vítavert gáleysi ökumanns bifreiðarinnar Ö 53 að skilja hana eftir án ljósa á steyptri akbraut Reykjanesbrautar í myrkri og skafrenningi og með þeim útbúnaði, að glitmerki hennar hafi ekki sézt. Er því haldið fram, að þeir, sem skilji eftir bifreiðar á akbraut Reykjanesbrautar, sem sé hraðbraut, verði að bera alla ábyrgð á tjóni, sem af því kunni að hljóta fyrir aðra vegfarendur.

Kröfur stefnda eru byggðar á því, að orsök slyssins verði eingöngu rakin til aksturs Jónasar Guðmundssonar. Jónas hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi með því að aka allt of hratt. Verði eigi á þetta atriði fallizt, þá er því haldið fram af hálfu stefnda, að alla meginsök á slysi þessu beri að leggja á ökumann Ö 53, en aðeins að óverulegu leyti á stefnda. Undir rekstri málsins hefur því verið lýst yfir, að stefndi muni ekki bera fyrir ákvæði 25. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 20/1954, enda muni réttargæslustefndi greiða fjárhæðir þær, sem stefnanda kunni að verða dæmdar í málinu.

Stefndi skildi bifreiðina Ö 53 eftir yzt við syðri brún hinnar steypu akbrautar Reykjanesbrautar, er vinstri afturhjólbarði bifreiðarinnar hafði sprungið, en við það kveður stefndi hjólbarðann hafa farið af. Kveðst stefndi hafa reynt að aka bifreiðinni lengra, en kveður það eigi hafa tekizt. Samkvæmt 4. mgr.

51. gr. umferðarlaga ber að flytja biluð ökutæki tafarlaust af akbrautum. Stefndi leitaði eigi aðstoðar til að færa bifreiðina af akbrautinni. Stefndi kveðst að vísu hafa farið til Keflavíkur til að sækja annan hjólbarða, en eigi skildi hann eftir tendruð ljós á bifreiðinni, svo sem honum bar að gera samkvæmt 3. mgr. 53. gr. umferðarlaga. Það verður að telja fram komið af framburði vitna, að lögboðin glitmerki aftan á bifreiðinni Ö 53 samkvæmt ákvæði 6. liðar 1. mgr. 5. gr. umferðarlaga, sbr. 7. tl. 6. gr. reglugerðar nr. 51 frá 1964, hafi eigi verið sýnileg. Þessi viðskilnaður stefnda við bifreiðina Ö 53 skapaði verulega hættu fyrir ökumenn, sem um veginn óku, en Keflavíkurvegur er einn af fjölförnustu þjóðvegum landsins og er byggður sem hraðbraut. Verður að telja, að stefndi hafi með þessu sýnt af sér verulega óaðgæzlu við notkun bifreiðarinnar Ö 53 og eigi hann því samkvæmt ákvæði 3. mgr. 69. gr. umferðarlaga meginsök á tjóni því, sem varð á bifreiðinni Ö 138, er hún lenti aftan á Ö 53.

Er umræddur atburður varð, var myrkur og samkvæmt framburði ökumanns Ö 138, Jónasar Guðmundssonar, skafrenningur, og notaði hann hinn lága ljósgeisla ljóskerja bifreiðar sinnar. Við akstursskilyrði þau, sem þarna voru fyrir hendi, þykir ökumaður Ö 138 eigi hafa gætt þeirra varúðarreglna, sem fyrir er mælt í 1. mgr., 2. mgr. og b-lið 3. mgr. 49. gr. umferðarlaga, sbr. A-lið 1. tl. 6. gr. reglugerðar nr. 51 frá 1964, og þykir hann því einnig eiga nokkra sök á því, er bifreið hans lenti aftan á Ö 53.

Eftir öllum atvikum þykir rétt að leggja á stefnda fébótaábyrgð að $\frac{3}{4}$ hlutum á tjóni því, sem varð vegna skemmda á bifreiðinni Ö 53 við umræddan atburð. Það er ágreiningslaust, að stefnandi hafi öðlazzt rétt eiganda bifreiðarinnar Ö 138 á hendur stefnda og að nettógreiðsla stefnanda sem húftryggjanda bifreiðarinnar Ö 138 hafi numið hinni umstefndu fjárhæð. Verður stefndi því dæmdur til að greiða stefnanda $\frac{3}{4}$ hluta af kr. 93.170.00, eða kr. 69.877.50, með vöxtum frá 26. apríl 1966 til greiðsludags, sem ákveðast 7% ársvextir, svo og málskostnað, sem ákveðst kr. 21.000.00.

Guðmundur Jónsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Örn Vilhelm Randrup Georgsson, greiði stefnanda, Tryggingarfélaginu Ábyrgð h/f, kr. 69.877.50 með 7% ársvöxtum frá 26. apríl 1966 til greiðsludags og kr. 21.000.00

í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 24. marz 1970.

Nr. 230/1969. **Álafoss h/f**

(Hafsteinn Baldvinsson hrl.)

gegn

Verksmiðjunní Otri h/f

(Guðjón Styrkársson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Skuldamál. Fyrning. Víxlar.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 2. desember 1969, að fengnu áfrýjunarleyfi 18. nóvember 1969. Krefst hann þess, að stefnda verði dæmt að greiða kr. 63.602.52 ásamt 12% ársvöxtum frá 5. júní 1963 til greiðsludags, kr. 250.00 í stimpil- og afsagnarkostnað og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda. Stefndi sótti ekki þing í héraði.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Rétt þykir, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 3. júní 1969.

Mál þetta, sem dómtekið var 27. maí s.l., er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 20. maí s.l., af Álafossi h/f, Þingholts-